

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Október 2011 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Fjöldi brota í október árin 2009, 2010 og 2011

Fjöldi brota í október árin 2009, 2010 og 2011 má sjá á mynd 1. Færri hegningarlögreglabrot voru skráð í október 2011 borið saman við árið á undan og árið 2009. Umferðarlögreglabrotum hefur fækkað í október frá árinu 2009 til 2011. Þau voru 6.088 2009 en 1.412 árið 2011. Þessa fækkun má að hluta til rekja til bilana í stafrænum hraðamyndavélum. Sveiflur eru í þróun fíkniefnabrota milli ára en flest voru þau í október 2009 eða 146. Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru staðfestar tölur en bráðabirgðatölur fyrir árið 2011.




Mynd 1. Fjöldi brota í október 2009, 2010 og 2011, eftir tegund brots.

Þróun það sem af er árinu 2011

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlögreglabrota árin 2009, 2010 og það sem af er 2011. Skráð hegningarlögreglabrot í október á þessu ári voru 1.141 sem er tæp 4% færri brot en skráð voru í september. Samanburður á fjölda brota í október 2011 við sama tímabil árið 2010 sýnir að þeim hefur fækkað um 17%. Alls voru 10.491 hegningarlögreglabrot skráð fyrstu tíu mánuði ársins. Smá sveifla er í þróun hegningarlögreglabrota milli mánaða en að meðaltali hafa þau verið tæp 35 brot á dag það sem af er árinu 2011.

Þegar borinn er saman fjöldi brota frá janúar til október milli árana 2010 og 2011 má sjá að fækkun hefur orðið í öllum brotaflokkum, að undanskildum fíkniefnabrotum en þeim fjölgaði um tæp 17%. Mest fækkaði innbrotum eða um tæp 36% og næstmest hraðakstursbrotum eða um tæp 35%. Fjöldi líkamsárása er sveiflukenndur en milli árana 2010 og 2011 fækkaði þeim um 9%. Minnst fækkaði brotum er falla undir „Ölvun við akstur“ eða um 6%. Niðurstöður hlutfallsbreytinga milli árana 2009 og 2011 sýna að innbrotum fækkaði mest eða um tæp 49% en þar fækkaði líkamsárásurum minnst eða um 7%. Mest fjölgaði fíkniefnabrotum eða um tæp 40%.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlögreglabrota 2009, 2010 og það sem af er ári 2011, greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar til október 2009, 2010 og 2011

	Jan.-okt.'09	Jan.-okt. '10	Jan.-okt. '11
Hraðakstursbrot	36.242	36.115	23.651
Þjófnaðarbrot	4.367	4.291	3.492
Eignaspjöll	2.613	2.571	2.158
Innbrot	3.058	2.442	1.574
Ölvun við akstur	1.241	1.084	1.018
Fíkniefnabrot	1.077	1.289	1.507
Líkamsárás (217.-218. gr.)	934	956	867